

Fundur 11.nóvember 2019

Viðstaddir: Fanney Bergrós, Anna Lilja, Rósa, Haukur, Harpa, Ingibjörg, Sigurveig og Kristín Þöll.

- Anna Lilja fer yfir fjárhag félagsins og greinir frá stöðu. Bryndís skólastjóri hefur lagt fram kostnaðaráætlun vegna 10 ára afmælishátíðar skólans 22.nóvember sem hljóðar uppá 354 þúsund króna styrk frá foreldrafélagi. Styrkur samþykktur og mun skólinn ráðstafa honum ma. í afríska fjöllistamenn og pizzur.
- 148 kröfur hafa þegar verið greiddar til félagsins það sem af er árinu en eindagi er í desember.
- Einhverfufyrirlestur sem foreldrafélagið bauð uppá á dögnum þótti vel heppnaður, umræða var um að það hefði verið gaman að sjá fleiri foreldra barna í Naustaskóla sem og kennara.
- Bekkjarkvöld hafa ekki verin haldin samkvæmt áætlun, eitt kvöld fyrir áramót og annað eftir áramót og leggur foreldrafélagið eindregið til að foreldrar bekkjanna taki sig saman og haldi bekkjarkvöld ef ekki fyrir áramót að fara skipuleggja eftir áramót, foreldrafélagið veitir 20 þúsund króna styrk til hvernar bekkjardeildar.
- Ósk kom frá foreldri að veita styrk til tækjakaupa fyrir kósý herbergi, málið verður skoðað eftir áramót þegar fleiri kröfur hafa verið greiddar.
- Heilsunammi námskeið 20.nóv. kl. 17:30, sniðugt námskeið fyrir börn og foreldra til að búa til sitt eigið heilsunammi.
- Á síðasta skólaráðsfundi var ma. rætt um að setja inn skráningu á heimalestri, verður mögulega komið á eftir áramót þegar fundin hafa verið út hæfileg viðmið.
- Önnur ósk frá foreldri um kaup á sjálfsstyrkingarspilum sem eru ný íslensk styrkleikaspil sem prófuð hafa verið m.a. í framhaldsskólum. Foreldrafélagið lagði til að mögulega væri hægt að fá kynningu á spilunum og var Fanney sett í málið.
- Foreldrafélagið er að sjóða saman áskorun til Akureyrarbæjar um betri snjómokstur í hverfinu þá sérstaklega á gangstéttum þar sem lýsing er. Bærinn hefur undanfarin ár mokað gangstéttar þar sem engin lýsing er en skilið eftir ruðning þar sem lýsingin er. Auk þess þarf að fjarlægja eða færa skilti við enda Kjarnagötunnar sem skyggir á gangandi vegfarendur sem eiga leið sína yfir í Naustagötu og fleiri hugmyndir
- Ánægjulegt að heyra að starfsfólk skólans ætlar að taka höndum saman og baka afmælisköku sem börnum verður boðið upp á 22.nóv á hápunkti afmælishátíðar.
- Minnir foreldrafélagið á opið hús 22.nóv á milli 15 og 17 í naustaskóla. Þar getum við komið saman og fengið okkur kaffisopa og tekið létt spjall við hvort annað og boðið öðrum að skoða skólann okkar.
- Hugmynd kom upp að halda DANS-MARAPON fyrir allan skólann sem 10.bekkur myndi halda utan um eftir áramót sem liður í fjáröflun fyrir útskriftarferð.
- Að lokum fannst okkur hjá foreldrafélaginu mikilvægt að minna á BINGO kvöld á fimmtudagskvöldið 14. nóv. hjá 10.bekk sem byrjar stundvíslega 18:15. Og væri þetta tilvalin hugmynd af bekkjarkvöldi fyrir einhverja bekki að hittast og hafa gaman.

Punktarnir okkar þrír af þessum fundi eru eftirfarandi sem fara á allar árgangasíður á facebook

- BINGO 10.bekkjjar, tilvalið að húa bekknum saman á bekkjarkvöld, fimmtudagskvöldið 14. nóv. Kl.18:15. 500 kr. spjaldið og pylsur seldar í hléi. Koma með pening.
- Minnum á heilsunammi námskeið 20.nóv - <https://facebook.com/events/2833057500078014/?ti=cl>
- Bjóðum endilega á opið hús Naustaskóla, 22.nóv kl.15-17 fyrir alla sem vilja að koma og skoða skólann.

f.h. stjórnar, kveðja
Harpa Birgisdóttir (harpa@vma.is)